



# Menntamálastofnun

Endurskoðunarskýrsla fyrir 2016

# Efnisyfirlit

1	Inngangur .....	3
2	Niðurstöður .....	4
3	Fjárheimildir og rekstur .....	5
3.1	Fjárheimildir .....	5
3.2	Rekstraráætlun.....	5
3.3	Niðurstaða.....	6
4	Innra eftirlit.....	7
4.1	Inngangur .....	7
4.2	Umfjöllun .....	7
4.3	Niðurstöður/ábendingar .....	7
5	Fylgni við lög og reglur.....	8
5.1	Inngangur .....	8
5.2	Umfjöllun .....	8
5.2.1	Ferðakostnaður.....	8
5.2.2	Risna.....	8
5.2.3	Opinber innkaup og innkaupakort.....	8
5.2.4	Láns- og reikningsviðskipti.....	8
5.2.5	Styrkir.....	8
5.2.6	Virðisaukaskattur og endurgreiðslur .....	8
5.3	Niðurstaða.....	8
6	Endurskoðun rekstrarliða .....	9
6.1	Sértekjur.....	9
6.1.1	Innbyrðis framlög milli A-hluta stofnana .....	9
6.1.2	Rekstrarframlög frá erlendum opinberum aðilum og alþjóðastofnunum.....	9
6.1.3	Rekstrarframlög frá innlendum opinberum aðilum.....	10
6.1.4	Kostnaðarhlutdeildartekjur.....	10
6.1.5	Sérfræðiþjónusta .....	10
6.1.6	Bækur, ritföng og filmur .....	10
6.1.7	Ýmsar aðrar tekjur .....	10
6.2	Niðurstöður/ábendingar .....	10
7	Endurskoðun efnahagsliða .....	11
7.1	Eignir .....	11
7.1.1	Inneign hjá ríkissjóði .....	11
7.1.2	Skammtímakröfur .....	11
7.1.3	Handbært fé.....	11
7.2	Eigið fé og skuldir .....	11
7.2.1	Höfuðstóll .....	11
7.2.2	Skammtímaskuldir .....	12
7.3	Niðurstöður/ábendingar .....	12
8	Önnur atriði .....	13
8.1	Staðfestingarbréf stjórnenda .....	13
8.2	Lögfræðibréf .....	13
8.3	Óhæðisyfirlýsing.....	13
8.4	Umfang endurskoðunar, yfirlýsing.....	13

# 1 Inngangur

Ríkisendurskoðun hefur lokið endurskoðun ársreiknings Menntamálastofnunar, fjárlagaliður 02-723, fyrir árið 2016.

Ársreikningurinn er byggður á bókhaldi stofnunarinnar og öðrum upplýsingum stjórnenda. Ríkisendurskoðun vekur athygli á því að stjórnendur stofnunarinnar eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu reikningsskila og jafnframt ábyrgir gagnvart notendum reikningsskilanna. Þetta felur meðal annars í sér að bókhald og fjárhagslegt eftirlit sé fullnægjandi, að réttum reikningsskilareglum sé fylgt og að viðeigandi innra eftirlit hafi verið innleitt og skjalfest.

Endurskoðað var á grundvelli alþjóðlegra staðla um opinbera endurskoðun. Byggt er á skipulögðu ferli aðgerða og faglegu mati sem miðar að því að staðfesta fjárhæðir og aðrar upplýsingar í ársreikningnum. Endurskoðunin fól meðal annars í sér áhættugreiningu og áhættumat ásamt almennum greiningaraðferðum og úrtakskönnunum og athugunum á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og aðrar upplýsingar sem fram koma í ársreikningnum.

Stofnunin veitti greinargóðar upplýsingar um öll þau atriði er spurt var um.

Í samræmi við 5. grein laga nr. 46/2016 um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga tók endurskoðunin mið af eftirfarandi:

- ✓ Að reikningsskil gefi glögga mynd af rekstri, fjárhagslegri stöðu og breytingu á henni á árinu í samræmi við settar reikningsskilareglur fyrir opinbera aðila.
- ✓ Að kanna innra eftirlit og hvort það tryggir viðeigandi árangur.
- ✓ Að rekstur og umsvif séu í samræmi við heimildir fjárlaga, fjárukalaga og annarra laga, lögmæt fyrirmæli, starfsvenjur og rekstrarverkefni þar sem við á.

Litið er á endurskoðun Menntamálastofnunar sem nýtt verkefni þar sem fyrsta heila starfsár stofnunarinnar var árið 2016, en hún starfar samkvæmt lögum nr. 91/2015 og tók til starfa þann 1. október sama ár.

## 2 Niðurstöður

Endurskoðun ársreiknings Menntamálastofnunar fyrir árið 2016 var í meginatriðum án athugasemda.

## 3 Fjárheimildir og rekstur

### 3.1 Fjárheimildir

Framlag ríkissjóðs á fjárlögum árið 2016 nam 926,4 m.kr. Til viðbótar fékk stofnunin 0,1 m.kr. í fjárukalögum vegna launaendurmats 2016. Endanleg fjárheimild ársins var því 926,5 m.kr. Rekstrargjöld að frádregnum tekjum námu samtals 900,7 m.kr. og varð því 25,8 m.kr. tekjuafgangur á árinu 2016 sem er 2,8% af fjárheimildum ársins. Þar sem árið 2016 er fyrsta heila árið sem Menntamálastofnun starfar er ekki gerður samanburður við fyrra ár í rekstrarreikningi stofnunarinnar. Eftirfarandi tafla sýnir samanburð á fjárheimildum og rekstrarniðurstöðu á árinu 2016 ásamt rekstraráætlun fyrir það ár.

Í þús. kr.	Fjárlög	Fjárheimild	Rekstur	Frávik	Rekstrar- áætlun
	2016	2016	2016	2016	2016
Ríkistekjur	-2.000	-2.000	0	-2.000	-2.000
Sértekjur	-95.900	-95.900	-173.715	77.815	-100.200
Launagjöld	279.400	279.500	638.525	-359.025	637.063
Önnur rekstrargjöld	727.700	727.700	432.154	291.801	388.710
Tilfærslur	17.200	17.200	0	17.200	0
<b>Samtals</b>	<b>926.400</b>	<b>926.500</b>	<b>900.709</b>	<b>25.791</b>	<b>923.573</b>

Sértekjur ársins voru 77,8 m.kr. hærri en gert var ráð fyrir í fjárheimildum og ríkistekjur voru engar þrátt fyrir að gert hafi verið ráð fyrir 2,0 m.kr. í fjárlögum. Launagjöld voru umtalsvert hærri en fjárheimildir eða sem nam 359,0 m.kr. en á móti kemur að önnur rekstrargjöld voru mun lægri en fjárheimildir eða sem nam 291,8 m.kr. og tilfærslur voru engar samkvæmt rekstrarreikningi. Samkvæmt upplýsingum frá stofnuninni hefur misræmi í innbyrðis skiptingu fjárheimilda til samræmis við niðurstöðu rekstrar og rekstraráætlunar verið lagfært frá og með árinu 2017.

### 3.2 Rekstraráætlun

Ríkisendurskoðun leggur áherslu á að vandað sé til við gerð rekstraráætlunar og að hún sé skráð í fjárhagskerfið og reglulega fylgst með því hvort gjöld og tekjur séu í samræmi við áætlun.

Rekstraráætlun Menntamálastofnunar fyrir árið 2016 var skráð í fjárhagskerfi ríkisins. Í rekstraráætlun var fjárheimildum skipt með öðrum hætti en í fjárheimildakerfinu og var áætlun fyrir mismunandi tegundaflokka nær rekstrarniðurstöðu en skipting í fjárheimildakerfinu. Þrátt fyrir það er um að ræða frávik frá rekstraráætlun. Gert var ráð fyrir 2,8 m.kr. tekjuafgangi, sem varð 25,8 m.kr. samkvæmt rekstrarreikningi. Það skýrist af 71,4 m.kr. hærri tekjum en gert var ráð fyrir. Launagjöld umfram rekstraráætlun námu 37,5 m.kr. og önnur rekstrargjöld voru 11,1 m.kr. umfram rekstraráætlun.

### 3.3 Niðurstaða

Menntamálastofnun yfirtók að hluta uppsafnaðan halla þeirra stofnana og fjárlagaliða, sem áður höfðu það hlutverk sem Menntamálastofnun hefur nú. Yfirtekinn uppsafnaður halli 80,7 m.kr. að frádregnum 67,5 m.kr. breytingu í lokafjárlögum til lækkunar nam alls 13,2 m.kr. Tekjuafgangur ársins, 25,8 m.kr. gengur fyrst til að bæta yfirtekinn halla. Höfuðstóll í árslok var því jákvæður um 12,6 m.kr.

## 4 Innra eftirlit

### 4.1 Inngangur

Forstjóri Menntamálastofnunar ber ábyrgð á framkvæmd innra eftirlits stofnunarinnar. Innra eftirlit felur í sér þær reglubundnu aðgerðir og ráðstafanir sem hlutaðeigandi aðili gerir til að stuðla að hagkvæmni rekstrar, öryggi fjármuna, áreiðanleika upplýsinga og almennt að því að markmiðum starfseminnar verði náð og fylgt sé lögum og reglum.

### 4.2 Umfjöllun

Greining og mat á eftirlitsumhverfinu bendir til þess að innra eftirlit sé almennt í lagi. Skipurit er til fyrir stofnunina og fyrir liggur m.a. stefna um aðgangsmál og starfsmannastefna. Verkerfjar eru til staðar fyrir flesta þætti starfseminnar og vinna við skráningu og uppsetningu á flestum verkferlum sem varða rekstur og efnahag er langt komin samkvæmt upplýsingum fjármálastjóra. Verið er að vinna í því að gerð verði öryggisúttekt á starfseminni. Stefnt er á að fá öryggisvottun á starfseminni skv. ISO 27001 á fyrri hluta ársins 2018.

Sértekjur árið 2016 voru að stórum hluta byggðar á samningum. Við innlenda aðila eru m.a. samningar um rekstur á netkerfi framhaldsskólanna, auk samninga við innlendar menntastofnanir um próf, svo sem aðgangspróf eða íslenskupróf fyrir umsækjendur um íslenskan ríkisborgararétt. Meðal samninga við erlenda opinbera aðila eru til dæmis samningar við Evrópusambandið. Einnig aflar stofnunin sértekna með ráðstefnugjöldum og sölu á bókum.

Forstöðumaður undirritar ráðningarsamninga og samþykkir gögn vegna launavinnslu. Viðveruskráningarkerfið Vinnustund er notað fyrir skráningu á viðveru og fjarvistum. Samþykktarferli reikninga er tvöfalt og að mestu rafrænt.

Fjárhagskerfi ríkisins er notað fyrir fjárhagsbókhald og launavinnslu og stofnunin er í bókhaldsþjónustu hjá Fjársýslu ríkisins. Fjársýsla ríkisins sendir einnig út reikninga fyrir Menntamálastofnun samkvæmt beiðni.

### 4.3 Niðurstöður/ábendingar

Endurskoðun á virkni innra eftirlits hjá Menntamálastofnun var án athugasemda.

## 5 Fylgni við lög og reglur

### 5.1 Inngangur

Fjárhagsendurskoðun tekur mið af því hvort rekstur stofnunar hafi verið í samræmi við heimildir fjárlaga, fjárukalaga og annarra laga, lögmæt fyrirmæli, starfsvenjur og rekstrarverkefni þar sem við á. Fjallað er sérstaklega um fjárheimildir og rekstraráætlun í kafla 3. Eftirfarandi liðir voru teknir til skoðunar vegna ársins 2016:

### 5.2 Umfjöllun

#### 5.2.1 Ferðakostnaður

Samkvæmt athugunum á úrtaki ferðareikninga er reglum Fjársýslu um greiðslu ferðakostnaðar vegna ferðalaga á vegum ríkisins fylgt og það á einnig við um uppgjör slíkra ferða. Ferðareikningi er skilað á eyðublaði sem Fjársýsla ríkisins hefur látið gera og fer uppgjör ferða eftir þeim útreikningi.

#### 5.2.2 Risna

Risnakostnaður nam rúmlega 0,7 m.kr. Tilefni var tilgreint og reikningar samþykktir af forstjóra samkvæmt reglum um risnu.

#### 5.2.3 Opinber innkaup og innkaupakort

Við innkaup er stuðst við innkaupastefnu mennta- og menningarmálaráðuneytis. Tvö innkaupakort eru notuð hjá stofnuninni. Stefnt er að því að stofnunin móti eigin stefnu sem mun taka tillit til nýrra laga um opinber innkaup.

#### 5.2.4 Láns- og reikningsviðskipti

Ekki er um að ræða kaupleigu- eða fjármögnunarleigusamninga hjá stofnuninni eða skuldbindingar til lengri tíma en 90 daga.

#### 5.2.5 Styrkir

Samvæmt bókhaldi stofnunarinnar er ekki um neina veitta styrki að ræða við aðila utan hennar. Mótttekinn styrkur frá Starfsþróunarsetri háskólamanna að fjárhæð 0,6 m.kr. var tekjufærður samkvæmt reglum Fjársýslu ríkisins.

#### 5.2.6 Virðisaukaskattur og endurgreiðslur

Bókun og merking færslna reikninga sem bera VSK eru í samræmi við fyrirmæli Fjársýslu ríkisins. Inneign vegna endurgreiðslu VSK færist til eignar á viðskiptareikningi stofnunarinnar við ríkissjóð.

### 5.3 Niðurstaða

Ekki verður séð annað en að Menntamálastofnun fylgi þeim lögum og reglugerðum sem almennt gilda um fjárreiður og bókhald ríkisstofnana í A-hluta.



## 6 Endurskoðun rekstrarliða

Endurskoðun rekstrarliða beindist aðallega að fylgniskoðun en einnig voru sértekjur teknar til skoðunar.

### 6.1 Sértekjur

Samkvæmt rekstrarreikningi árið 2016 námu sértekjur Menntamálastofnunar 173,7 m.kr. eða 77,8 m.kr. umfram fjárheimildir eins og fram kemur í kafla 2.

Sértekjur árið 2016 voru að stórum hluta byggðar á samningum. Við innlenda aðila eru m.a. samningar um rekstur á netkerfi framhaldsskólanna, auk samninga við innlendar menntastofnanir um próf, svo sem aðgangspróf eða íslenskupróf fyrir umsækjendur um íslenskan ríkisborgararétt. Meðal samninga við erlenda opinbera aðila eru til dæmis samningar við Evrópusambandið. Einnig aflar stofnunin sértekna með ráðstefnugjöldum og sölu á bókum.

Í þús.kr.	2016
Innbyrðis framlög milli A-hluta stofnana	65.147
Rekstrarframlög frá erlendum opinberum aðilum og alþjóðastofnunum	20.334
Rekstrarframlög frá innlendum opinberum aðilum	8.243
Kostnaðarhlutdeildartekjur	42.525
Sérfræðipjónusta	17.903
Bækur ritföng og filmur	13.935
Ýmsar aðrar tekjur	5.627
Sértekjur alls	173.715

#### 6.1.1 Innbyrðis framlög milli A-hluta stofnana

Um er að ræða bæði framlög og styrki, s.s. framlag frá mennta- og menningarmálaráðuneyti sem ætlað er til að koma könnunarprófum í rafrænt kerfi, vegna undirbúnings verkefnisins og framkvæmdar. Framhald verður á greiðslum vegna þessa verkefnisins á árinu 2017. Einnig voru greiðslur vegna tveggja verkefna sem tilheyra árunum 2015 og 2016. Annars vegar frá Starfsgreinaráði, hins vegar styrk til fagráðs eineltismála í grunnskólum. Þá eru færðar tekjur frá Micro:bit sem koma til vegna þátttöku í Micro:bit verkefninu (kerfi sem notað er til tölvukennslu). Að lokum er um að ræða samning við Vinnumálastofnun skv. reglugerð um öryrkjavinnu nr. 159/1995. Sá samningur gildir til loka október 2017.

#### 6.1.2 Rekstrarframlög frá erlendum opinberum aðilum og alþjóðastofnunum

Um er að ræða styrki vegna þriggja verkefna á árinu 2016: YouthWiki sem er evrópsk alfræðiorðabók á netinu um stefnu viðkomandi þjóðar í málefnum ungmenna (styrkur frá Evrópusambandinu), Eurydice sem er net um samvinnu á sviði menntakerfa og menntastefnu í Evrópu (styrkur frá Evrópusambandinu) og ReferNet sem er net stofnana til að veita upplýsingar um starfstengda menntun og þjálfun innan ríkja Evrópusambandsins, Íslands og Noregs og stefnu ríkjanna í þeim málefnum (styrkur frá Cedefop - European Centre for the Development of Vocational Training). Samningar um ofangreind framlög voru einnig gerðir vegna ársins 2017, svo framhald er á þessum verkefnum.

### 6.1.3 Rekstrarframlög frá innlendum opinberum aðilum

Undir þennan lið fellur framlag frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga en sjóðurinn greiðir 40% af kostnaði við ytra mat grunnskóla á árinu 2016. Hér er um að ræða kostnað vegna aðkeyptrar sérfræðiþjónustu, ferðakostnaðar, ráðstefnu- og fundargjalda, prentunar, síma, þjónustugjalda fjármálastofnana, auk launakostnaðar að viðbættum 10% umsýslukostnaði.

### 6.1.4 Kostnaðarhlutdeildartekjur

Annars vegar er um að ræða reikning frá Rannsóknamiðstöð Íslands vegna hlutdeildar stofnunarinnar í sameiginlegri tölvuþjónustu. Hins vegar er um að ræða hlutdeild stofnana í sameiginlegri þjónustu meðal annars vegna FS-nets. Einnig greiðir mennta- og menningarmálaráðuneyti hlutdeild í reikningi frá Hugviti hf., kynningarefni frá Klébergsskóla og kostnaðarpátttöku í námsmati.

### 6.1.5 Sérfræðiþjónusta

Um tvo samninga er að ræða. Annars vegar við Háskóla Íslands um gerð og hluta framkvæmdar A-prófa, nánar tiltekið tvo prófhluta fyrir árið 2017, tæplega 14,0 m.kr. Hins vegar við Mími-símenntun um að annast fyrirlögn og alla umsýslu íslenskuprófs fyrir umsækjendur um íslenskan ríkisborgara, rétt tæplega 4,0 m.kr.

### 6.1.6 Bækur, ritföng og filmur

Um er að ræða sölu á námsefni í gegnum sölukerfi Axapta.

### 6.1.7 Ýmsar aðrar tekjur

Þetta eru tekjur s.s. selt fæði til starfsmanna, endurgreiddur ferðakostnaður frá erlendum opinberum aðilum og alþjóðastofnunum, fræðslu- og fundagjöld, dráttarvaxtatekjur, fjármagnstekjur og aðrar fjármunatekjur.

## 6.2 Niðurstöður/ábendingar

Endurskoðun á tekjuskráningu hjá Mentamálastofnun var án athugasemda.

## 7 Endurskoðun efnahagsliða

Samkvæmt efnahagsreikningi í árslok 2016 námu eignir stofnunarinnar 40,6 m.kr., skuldir námu 28,0 m.kr. og höfuðstóll var jákvæður um 12,6 m.kr.

Í þús.kr.	2016	2015	Breyting
<b>Eignir:</b>			
Inneign hjá ríkissjóði	14.123	0	14.123
Skammtímakröfur	24.370	0	24.370
Handbært fé	2.155	0	2.155
Eignir alls	40.648	0	40.648
<b>Eigið fé og skuldir:</b>			
Höfuðstóll	12.602	0	12.602
Skammtímaskuldir	28.046	0	28.046
Eigið fé og skuldir alls	40.648	0	40.648

### 7.1 Eignir

#### 7.1.1 Inneign hjá ríkissjóði

Inneign hjá ríkissjóði nam 14,1 m.kr. í árslok. Upphafsstæða á viðskiptareikningi hjá ríkissjóði er í raun lokastaða ársins 2015 hjá Námsgagnastofnun og Námsmatsstofnun auk þeirra verkefna sem fluttust frá mennta- og menningarmálaráðuneyti til Menntamálastofnunar.

#### 7.1.2 Skammtímakröfur

Skammtímakröfur í árslok námu 24,4 m.kr. Þar af voru 20,8 m.kr. viðskiptakröfur vegna útgefina reikninga í tekjubókhaldskerfinu (AR). Allar kröfur skv. AR í árslok 2016 voru greiddar fyrri hluta næsta árs. Aðrar kröfur eru að mestu eftirstöðvar krafna í eldra kerfi sem eru til skoðunar hjá Menntamálastofnun. Ríkisendurskoðun bendir á að gera þarf viðeigandi ráðstafanir vegna þeirra krafna.

#### 7.1.3 Handbært fé

Handbært fé felst í innstæðu á tveimur bankareikningum. Samræmi var milli bókhalds og bankayfirlita í árslok 2016.

### 7.2 Eigið fé og skuldir

#### 7.2.1 Höfuðstóll

Í lok árs sýndi höfuðstóll stofnunarinnar ónotaða fjárheimild að fjárhæð 12,6 m.kr. sem skýrist af því að í ársbyrjun var samanlagður höfuðstóll þeirra stofnana og verkefna mennta- og menningarmálaráðuneytis sem runnu inn í Menntamálastofnun neikvæður um 80,7 m.kr. Með lokafjárlögum fékk stofnunin 67,5 m.kr. til lækunar á neikvæðum höfuðstól, þannig að flutt staða var neikvæð um 13,2 m.kr. Tekjuafgangur ársins 2016 var 25,8 m.kr. og uppsöfnuð staða höfuðstóls því 12,6 m.kr.

### 7.2.2 Skammtímaskuldir

Skammtímaskuldir í árslok 2016 námu 28,4 m.kr. Þar af voru ógreiddir reikningar samkvæmt viðskiptaskuldakerfinu til greiðslu í byrjun næsta árs 27,2 m.kr.

## 7.3 Niðurstöður/ábendingar

Ríkisendurskoðun gerir ekki athugasemdir við efnahagsliði.

## 8 Önnur atriði

### 8.1 Staðfestingarbréf stjórnenda

Staðfestingarbréf stjórnenda, sem sent var til stofnunarinnar af Fjársýslu ríkisins, var samþykkt og undirritað af forstjóra þann 24. apríl 2017.

### 8.2 Lögfræðibréf

Samkvæmt upplýsingum forstjóra, m.a. því sem fram kom í staðfestingarbréfi stjórnenda, voru engin málaferli í gangi varðandi stofnunina.

### 8.3 Óhæðisyfirlýsing

Óhæðisyfirlýsingar þeirra endurskoðenda sem sáu um endurskoðun hjá Menntamálastofnun voru undirritaðar.

### 8.4 Umfang endurskoðunar, yfirlýsing

Yfirlýsing um umfang endurskoðunar hjá stofnuninni var undirrituð af ríkisendurskoðanda og forstjóra Menntamálastofnunar.

Í yfirlýsingunni er gerð gerin fyrir ábyrgð og hlutverki hvors aðila varðandi reikningskil Menntamálastofnunar.



Ríkisendurskoðun – Bríetartúni 7  
Pósthólf 5350 – 125 Reykjavík  
Sími 569-7100

[postur@rikisend.is](mailto:postur@rikisend.is) – [www.rikisendurskodun.is](http://www.rikisendurskodun.is)